



Fréttabréf Brekkuskóla

4. janúar 2016
2. tbl. skólaárið 2015-2016
Ábyrgðarmenn stjórnendur

Ágæta skólasamfélag.

Árið 2015 hefur nú rennið sitt skeið og nýtt ár með nýjum fyrirheitum er framundan. Eins og lesa má hér fyrir neðan kom foreldrafélag Brekkuskóla færandi hendi fyrir áramót og gaf skólanum veglega bókgjöf. Þetta er svo sannarlega gott framtak sem ber að þakka og mikilvægur liður í því að efla lestur og lestraráhuga barnanna okkar. Um leið og við þökkum gjöfina góðu óskum við ykkur velfarnaðar á nýju ári, megi það verða gott lestrarár!

Bestu kveðjur úr skólanum.

Foreldrafélag Brekkuskóla gaf nemendum veglega bókgjöf!

Foreldrafélag Brekkuskóla gaf skólanum yfir 200 nýjar bækur fyrir jólin. Foreldrafélagið fékk nemendur á öllum skólastigum til að setja saman óskalista yfir þær bækur sem nemendur langaði til að lesa. Bókgjöfin byggir meðal annars á þeim lista.

Í tilkynningu frá foreldrafélaginu kemur fram að þar sem nú fari í hönd mikið lestrarátak á landsvísu hafi það þótt viðeigandi að gefa skólabókasafninu bókgjöf. Fjölbreytt úrval bóka á skólasafni sé mikilvægt fyrir nemendur til að örva og efla lestur. Á þennan hátt styður foreldrafélagið við skólasafnið í því að sinna sínu hlutverki og að nemendur hafi aðgang að lesefni sér til gamans og gagns. Undanfarin ár hafa myndast langir biðlistar eftir vinsælum bókum á skólasafninu en með þessari gjöf munu þeir styttest verulega.

Á aðalfundi foreldrafélagsins í haust ræddi sérfræðingur frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri við foreldra um mikilvægi þess að kveikja áhuga barna og unglinga á lestri, og það væri helst gert með því að bjóða þeim upp á fjölbreyttan bóka-kost og ýta undir val þeirra á alls kyns lesefni, teiknimyndasögum, skáldsögum, fræðibókum, íþróttæfni og fleira.

Hér má sjá nokkrar myndir frá afhendingu bókanna.



Samtöl 19. og 20. janúar

Dagana 19. og 20. janúar ætlum við að eiga samtöl þar sem nemendur og foreldrar verða boðaðir í skólann og farið verður yfir námsframvindu nemenda og gerðar áætlanir um framhaldið. Námsmat birtist í Mentor undir verkefnabókum og í námsmarkmiðum sem kennarar eru að aðlaga að starfinu með nemendum.

Breytt verðskrá fyrir Frístund og skólamáltíðir frá 1. janúar 2016.

Frístund:

Skráningargjald 7.140 kr.

Hver klukkustund 357 kr.

(fyrstu 20)

Hver klukkustund 357 kr.

(eftir fyrstu 20)

Síðdegishressing pr. dag 135 kr.

Mötuneyti:

Stök máltíð 573 kr.

Annaráskrift 427 kr. máltíðin

Annaráskrift mjólk 3.028 kr.

Annaráskrift ávöxtur 6.922 kr.

Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Erasmus+ í Brekkuskóla

Brekkuskóli tekur þátt í þriggja ára samstarfsverkefni á vegum Erasmus + menntaáætlunar Evrópu. Áhersla er lögð á skapandi starf og samskipti milli þátttökuskólanna, sem eru í Viborg í Danmörku, Wiesbaden í Þýskalandi, Tomares í Andalúciu á Spáni, Lombardi á Ítalíu og Llandudno í Wales.

Brekkuskóla var falið að hanna merki verkefnisins og það leysti Hafdís Haukdal, nemandi í 9. bekk með glæsibrag, eins og sést hér til hliðar. Á heimasíðum allra skólanna er tengill frá þessu merki inn á heimasíðu Learn Create and Communicate. Hver aldurshópur skipar sína fulltrúa í Erasmus nefnd Brekkuskóla og hlutverk hennar ásamt kennurum er að sjá um að kynna verkefnið inni í bekkjunum.

Viðfangsefni haustsins voru meðal annars að búa til kynningarveggspjöld um Ísland og sá 3. bekkur um það í tengslum við námsefnið Komdu og skoðaðu land og þjóð. 8. bekkur var að læra um Evrópu og vann veggspjöld sem sýndu hvað nemendur vita nú þegar um samstarflöndin. Skólarnir skiptust á þessum veggspjöldum, en á þeim kom ýmislegt skemmtilegt og fróðlegt fram. Nemendur 2. og 3. bekkjar skólanna skiptust á jólakortum og heimatilbúna jólaskrauti. Búið er að koma fyrir sýningarhorni á miðhæð skólans, en þar er hægt að fræðast meira um þetta skemmtilega og lofandi verkefni.



Jólapakki frá Viborg



Janúar 2016

3	4 Starfsdagur frístund lokað f.h	5 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	6 Lambasnitsef, kartöflur, grænmeti og ávextir	7 Fiskiréttur í ofni, kartöflur, salat og ávextir	8 Kraftsúpa, brauð, álegg og ávextir	9
10	11 Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	12 Hakkbuff, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	13 Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	14 Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	15 Skr, brauð, álegg og ávextir	16
17	18 Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	19 Nemendaviðtöl	20 Nemendaviðtöl	21 Lambapottrettur, kartöflumús, salat og ávextir	22 Pastaréttur, brauð, salat og ávextir	23
24	25 Ofnbakaður fiskur, kartöflur, salat og ávextir	26 Heitt slátur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	27 Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	28 Tortilla, grænmeti og ávextir	29 Grjónagrautur, slátur og ávextir	30

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir